

Ár 2022, þriðjudaginn 20. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Ástu Björk Eiríksdóttur, Ernu Birgisdóttur og Presti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 11/2022:**

Atvik í leik KF og Reynis S.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Ivan Jelic

Knattspyrnudeild Reynis S.

Fyrirsvarsmaður: Sigursveinn Bjarni Jónsson, formaður

**II.**

**Málsatvik:**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 13. september 2022 lá fyrir skýrsla frá dómara á leik KF gegn Reyni S. í 2. deild karla sem fram fór þann 10. september sl. Í skýrslunni er m.a. tilgreind ástæða brottvísunar Ivan Jelic í leiknum. Ástæða sem tilgreind er í skýrslu er: Orðbragð og/eða látbragð sem er særandi, móðgandi eða svívirðilegt

Nánari skýring á brottvísun í skýrslunni er eftirfarandi:

*„Leikmaður nr.7 hjá KF skorar. Leikmaður nr.32 hjá Reyni bregst illa við því. Dómari fer til leikmanns 32. Og spyr hann hvert sé vandamálið. Leikmaðurinn svarar því ekki, en þess í stað hrópar hann rasísk ummæli um leikmann nr.7. („Fucking little monkey“)"*

Í samræmi við ákvæði 5.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ taldi að framkoma sú sem lýst er í skýrslu dómara í framangreindum leik gæti varðað við ákvæði 15. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við 6. gr. sömu reglugerðar bar aga- og úrskurðarnefnd því að fara með málið sem kærumál, en meðferð slíkra mála frestar ekki sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar sem umræddur leikmaður var úrskurðaður í á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 13. september sl.

Í samræmi við reglur um meðferð kærumála óskaði aga- og úrskurðarnefnd KSÍ eftir greinargerð/athugasemdum frá knattspyrnudeild Reynis S. og óskaði jafnframt eftir að sú greinargerð bærst eigi síðar en kl. 12:00 þriðjudaginn 20. september.

Í greinargerð sem barst aga- og úrskurðarnefnd KSÍ þann 20. september frá stjórn knattspyrnudeildar Reynis S. kom eftirfarandi fram:

*„Í leik Reynis gegn KF á Ólafsfjarðarvelli þann 10. september fékk leikmaður Reynis, Ivan Jelic, rautt spjald fyrir ummæli sín um leikmann KF. Um leið og stjórn Knattspyrnudeildar Reynis fékk veður af þessu máli var leikmaðurinn settur í leyfi á meðan málið var skoðað. Samtal átti sér stað milli stjórnar, umrædds leikmanns, þjálfara félagsins og forsvarsmanns KF. Í samtali okkar við leikmanninn þvertokur hann fyrir að rasísk meining hafi legið að baki þessara orða og vill meina að þetta hafi verið einkar óheppileg þýðing af króatísku blóti. Hann og umræddur leikmaður KF ræddu saman á fljótlega eftir atvikið og bað Ivan hann afsökunar á þessum ummælum. Leikmaður KF tók vel í þá afsökunarbeiðni.*

*Umræddur leikmaður hefur æft og leikið með félaginu frá því síðastliðið vor. Við höfum verið einstaklega heppin á þessu tímabili að hafa fjölbreyttan hóp leikmanna úr mörgum menningarheimum. Í samtali okkar við nokkra núverandi leikmenn þá höfðu þeir ekki tekið eftir rasískum ummælum frá viðkomandi leikmanni og töldu mögulegt að léleg enskukunnátta leikmannsins væri ástæða fyrir þessum ummælum. Stjórn Knattspyrnudeildar Reynis vill árétta að hún fordæmir alla kynþáttafordóma. Félagið er í samfélagi þar sem stór hluti íbúa er innflytjendur og sömuleiðis margir iðkendur félagsins í yngri flokkum sem og meistaraflokki.“*

### III. Niðurstaða:

Fyrir liggur að taka þarf afstöðu til þess hvort leikmaðurinn Ivan Jelic hafi gerst brotlegur við ákvæði 15. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og um leið hvort brot leiði til ábyrgðar félags á hegðun hans skv. 4. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Hið umdeilda atvik átti sér stað í leik KF gegn Reyni S. í 2. deild karla þann 10. september sl. á Ólafsfjarðarvelli.

Í samræmi við grein 5.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ. Samkvæmt því fellur málið undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar skv. 2. gr. sömu reglugerðar.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, m.t.t. þeirra gagna sem aflað hefur verið í málinu, að með hinum umdeilda ummælum hafi Ivan Jelic gerst brotlegur við ákvæði 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Hafi ummæli leikmannsins, „*Fucking little monkey*“ falið í sér fyrirlitningu og niðurlæginu í orði með vísan til þjóðernisuppruna leikmanns andstæðinga.

Vegna brotsins skal Ivan Jelic sæta leikbanni í 5 leiki í Íslandsmóti og banni frá Ólafsfjarðarvelli á Ólafsfirði á meðan bannið varir. Sjálfkrafa 1 leiks bann sem Ivan Jelic var úrskurðarður í á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 13. september sl. telst hluti af 5 leikja banni skv. úrskurði þessum.

Telja verður að með því að leika undir merkjum knattspyrnudeildar Reynis S., hafi Ivan Jelic haft hlutverk á vegum Reynis S. í tengslum við leikinn sem leikmaður. Auk þess sem hann er skráður leikmaður með keppnisleyfi hjá Reyni S. Samkvæmt 4.2. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er knattspyrnudeild Reynis S. því ábyrgt fyrir framkomu Ivan Jelic í leiknum og skal skv. grein 15.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál sektuð um kr. 100.000.

#### IV.

#### **Úrskurðarorð:**

Ivan Jelic skal sæta leikbanni í samtals 5 leiki í Íslandsmóti og tekur bannið gildi nú þegar. Auk þess sætir Ivan Jelic banni frá Ólafsfjarðarvelli á Ólafsfirði á meðan leikbannið varir. Knattspyrnudeild Reynis S. skal sæta sekt að upphæð kr. 100.000 til KSÍ

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Ásta Björk Eiríksdóttir [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]